

# Matarauður Austurlands

Handbók um samstarf



AUSTURLAND

# Frá Austurlandi / From Austurland

Kæri matvælaframleiðandi

Matarauður Austurlands er hluti af Áfangastaðnum Austurlandi. Eitt af verkefnum sumarsins er að gera austfirskum matvælum hátt undir höfði í verslunum landshlutans.

Við erum komin í samstarf við allar matvöruverslanir á Austurlandi um að gera austfirsk matvæli sýnileg í austfirskum verslunum. Matvælin verða merkt með Austurlandsstjórnunni í hillum verslana og viðskiptavinir verða hvattir til að horfa eftir austfirskum vörum sem verða auglýstar sérstaklega þar sem gengið er inn í verslanirnar.

Við höfum áhuga á því að fá sem flesta matvælaframleiðendur á Austurlandi með okkur í verkefnið og þess vegna höfum við samband við þitt fyrirtæki.



AUSTURLAND

# Frá Austurlandi / From Austurland

Um tvenns konar verkefni er að ræða:

- Annars vegar munu verslanaeigendur á Austurlandi merkja austfirskar vörur með sérstöku hillumerki / vörumerki Austurlands og munu þeir taka vel í símtal eða tölvupóst frá ykkur þar sem þið bjóðið ykkar vörur til sölu.
- Hins vegar erum við að bjóða, **samstarfsaðilum Austurlands**, upp á að merkja umbúðir sínar með vörumerki Austurlands – *Austurlandsstjórnunni* – næst þegar þið farið í að framleiða þær. Þegar sú vinna fer af stað gilda þær reglur sem finna má í þessari handbók.



# Frá Austurlandi / From Austurland

Hér með er þér, **sem samstarfsaðila**, boðið að merkja þína matvöru með Austurlandsstjórnunni, að uppfylltum þeim skilyrðum sem hér fylgja á eftir. Hafir þú áhuga á að fá vörumerkið sent og setja það á umbúðir þinnar vöru, þá vinsamlegast hafðu samband við Halldóru Dröfn [dora@austurbru.is](mailto:dora@austurbru.is) og hún sendir þér það um hæl. Áður en umbúðirnar fara í prentun er mikilvægt að starfsmenn Austurbrúar samþykki notkun Austurlandsstjórnunnar á umbúðunum. Til að byrja með verður leyfi veitt til eins árs.

Fundir verða haldnir fyrsta árið til að meta árangur og framgang verkefnisins.



# Frá Austurlandi / From Austurland

Pegar notkun vörumerkisins hefur hlotið samþykki starfsmanna Austurbrúar hefur þú samband við þær verslanir sem þú óskar eftir því að vörurnar verði seldar í – sjá tengiliðalista hér að neðan. Það er síðan framleiðandans og verslunarstjórans að komast að samkomulagi um sölu á vörunni:

Bónus - Baldur Ólafsson, [baldur@bonus.is](mailto:baldur@bonus.is)

Nettó - Hallur G. Heiðarsson, [hallur@samkaup.is](mailto:hallur@samkaup.is)

Kjörbúðirnar - Heiðar R. Birnuson, [heidar@samkaup.is](mailto:heidar@samkaup.is)

Búðin Borgarfirði - Lindsey Lee, [budin@simnet.is](mailto:budin@simnet.is)

Brekkan, Stöðvarfirði - Ásta Snædís Guðmundsd., Rósmarý Dröfn Sólmundard., [astrosehf@simnet.is](mailto:astrosehf@simnet.is)

Kaupfélagið, Breiðdalsvík - Helga Rakel Arnardóttir, [godaborgehf@gmail.com](mailto:godaborgehf@gmail.com)

Kauptún, Vopnafirði - Berghildur Fanney Oddsen, [kauptun@kauptun.net](mailto:kauptun@kauptun.net)

Hús handanna, Egilsstöðum - Lára Vilbergsdóttir, [hhlara@simnet.is](mailto:hhlara@simnet.is)



AUSTURLAND

# Frá Austurlandi / From Austurland

Forsendur fyrir þátttöku:

Framleiðandinn er samstarfsaðili Austurlands.

Framleiðslan er í takti við vörumerkið Austurland.

Skilyrði er að varan sé (eitt eða fleira af eftirtöldu):

- a) framleidd á Austurlandi,
- b) unnin úr austfirskum hráefnum,
- c) unnin á Austurlandi,
- d) þökkuð á Austurlandi.

Framleiðandi sem er opinn fyrir frekari þróun, nýsköpun og vaxtartækifærum sinna vara.



AUSTURLAND

# ÁFANGASTAÐURINN AUSTURLAND



AUSTURLAND

Copyright © Áfangastaðurinn Austurland. All rights reserved.



AUSTURLAND

## VÖRUMERKID AUSTURLAND

### SAGAN OKKAR

Austurland einkennist af litlum þorpum, stórbrotinni strandlínu, þröngum fjörðum, fossum og fjöllum. Náttúran er alltaf nálæg og landslagið hrífandi. Áfangastaðurinn býður upp á framúrskarandi útivistarmöguleika árið um kring. Úrval gönguleiða, sumar með þeim bestu í Evrópu, stórskorið og spennandi hálendi, Vatnajökulspjóðgarður, útsýnistúrar um yfirþyrmandi landslag og meðfram strönd við jaðar Norður-Atlantshafsins. Lífstíllinn á Austurlandi er afslappaður en virkur, í nánnum tengslum við landslagið og sviptingar í náttúrunni. Leiftrandi sköpunarkraftur einkennir samfélögin og færir fólk saman. Tengslin við menningararfleifðina eru sterk, það er alltaf sögu að segja og nýjar verða til.

EAST ICELAND WONDERS



AUSTURLAND

## VÖRUMERKID AUSTURLAND

### FRAMTÍÐARSÝN VÖRUMERKIS

*Leiðarljós okkar – það sem við vinnum að hvern dag*

## VIÐ MIÐUM ÁVALLT AÐ ÞVÍ AÐ AUSTURLAND SÉ DÁSAMLEG SAGA

Framtíðarsýn okkar er að byggja upp sterka ímynd sem miðar alltaf að því að Austurland sé dásamleg saga. Við deilum reynslu og tilfinningum tengdum okkar villtu náttúru, líflegum, skapandi samfélögum og sönnum lífstíli með lifandi sögu. Ef þú hefur komið til Austurlands hefur þú upplifað áfangastað með óvæntum upþákomum og innblæstri fyrir öll skilningarvit. Þú er hluti af Austurlandi um ókomna tíð.

### MARKMID OKKAR

VIÐ DEILUM REYNSLU OG TILFINNINGUM MEÐ PERSÓNULEGRI NÁLGUN SEM KEMUR Á ÓVART OG VEITIR INNBLÁSTUR. VIÐ VINNUM MEÐ HVERJUM GESTI, ÍBÚA OG FYRIRTÆKI Í ÞVÍ AÐ SEGJA SÖGU SEM ER HLUTI AF AUSTURLANDI.

EAST ICELAND WONDERS



AUSTURLAND

VÖRUMERKID AUSTURLAND

EIGINLEIKAR OKKAR

## GILDIN

*Hvað okkur finnst og hvað er mikilvægast fyrir okkur.  
Hvað vörumerki okkar á að standa fyrir til lengri tíma  
og hvað greinir okkur frá öðrum áfangastöðum.*

Einstakt

Satt

Sameining

Virðing

Fjölbreytni

Jafnvægi

## PERSÓNULEIKINN

*Hvernig við veljum að tjá okkur í samskiptum  
og hvernig við viljum láta hugsa um okkur.*

Ósvikin

Heiðarleg

Fagnandi

Heillandi

Opin

Skapandi

EAST ICELAND WONDERS



AUSTURLAND

VÖRUMERKID AUSTURLAND

LOFORDIN OKKAR

## SKYNSÖM

*Hvað höfum við sem hægt er að lofa gestinum?  
Sértæk rök og sölupunktur*

Yfirpyrmandi villt náttúra

Leiftrandi sköpunarkraftur

Sannur ósvikinn lífsstíll

EAST ICELAND WONDERS

## TILFINNINGARÍK

*Tengir við gildin okkar og gefur vörumerkinu kraft og orku.  
Lofar að við munum leitast eftir að gera vel og gerir okkur  
kleift að taka ákvarðanir og velja. Leggjum áherslu á það  
sem gerir okkur sérstök.*

Vertu ætíð hluti af Austurlandi

Fullt af innblæstri og óvæntu  
fyrir öll skilningarvit

Verið endurnærð og endurnýjuð



AUSTURLAND



# AUSTURLAND OG MATUR



AUSTURLAND

Copyright © Afangastaðurinn Austurland. All rights reserved.



AUSTURLAND

# Áherslur Austurlands



AUSTURLAND

# MATUR

- Við viljum að maturinn okkar beri vott um hreinleika, ferskleika og einfaldleika.
- Við viljum að maturinn beri vitni um líðandi árstíð.
- Við viljum þróa rétti úr staðbundnum hráefnum og öðrum sjálfbærum kostum.
- Við viljum fara fram úr væntingum og standa við loforð.
- Við berum virðingu fyrir hráefninu og sýnum því væntumþykju og virðingu.
- Við bjóðum gestum okkar að taka þátt í matarmenningunni okkar.
- Við viljum leggja frekari áherslu á hollustu.



**MERKI - PRIMARY VERSION:**



AUSTURLAND

**MERKI - ALTERNATIVE VERSIONS:**



AUSTURLAND

# Frá Austurlandi / From Austurland

Allar nánari upplýsingar veitir Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir,  
verkefnastjóri [dora@austurbru.is](mailto:dora@austurbru.is) // 470-3871

[Áfangastaðaáætlun Austurlands 2018-2021](#)

[Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024](#)



AUSTURLAND